

## FUNDARGERÐ

Árið 2021, miðvikudaginn 25. ágúst kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Kristinn Andersen, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Undir lið 7 komu á fund nefndarinnar Anna G. Björnsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hanna Dóra Hólm Másdóttir sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Daníel Jakobsson og Karen E. Halldórsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð frá 28. júní 2021

Lögð var fram fundargerð frá 28. júní 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 28. júní 2021 var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

#### Staða mála

Fjallað var um vinnu við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en fram kom að vinnunni miði vel áfram og starfið hefjist bráðlega aftur eftir sumarleyfi. Í ágúst og september verði unnið að því að stilla upp mögulegum valkostum er varðar breytingar á núverandi jöfnunarkerfi. Þá verði jafnframt í framhaldinu unnið að gerð líkans sem sameini helstu jöfnunarframlög sjóðsins í eitt framlag.

Stefnt er að því að vinnunni ljúki í október og að ráðgjafarnefnd verði upplýst um framvindu vinnunnar.

### 3. Málshöfðun – staða mála

#### Reykjavíkurborg

Fram kom að viðræður hafi átt sér stað milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um stöðu mála. Í viðræðunum kom fram að mikið ber á milli aðila og því sé óraunhæft að ætla að sáttir náist í málinu áður en það verður tekið fyrir hjá dómstólum.

### Yfirfærsla grunnskólans

### 4. Miðja máls og læsis

#### Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs, dags. 23. ágúst 2021, ásamt erindum frá Miðju máls og læsis, dags. 18. desember 2019 og 18. ágúst 2021.

Sótt er um framlag vegna verkefnisins „1000 fyrstu orðin“ sem er orðabók fyrir leikskólabörn sem byggir á tíðni orða í tali barna frá tveggja og hálf til átta ára aldurs. Áætlað er að samhliða bókinni verði gefnar út leiðbeiningar fyrir foreldra á notkun bókarinnar. Einnig verður bókin gefin út á rafrænu formi á 10 tungumálum.

*Að umræðu lokinni ákvað nefndin að fela starfsmönnum sjóðsins að afla frekari upplýsinga og óska eftir að fulltrúi frá Reykjavíkurborg komi á næsta fund til að kynna verkefnið og svara spurningum. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*

### **Yfirfærsla málefna fatlaðs fólks**

#### **5. Reglugerð vegna framlaga 2021**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021, ásamt drögum að reglugerð vegna framlaga Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021. Helstu breytingar er að finna í 3. lið II hluta reglugerðarinnar, er viðkemur nýliðun í þjónustu. Breytingin er hugsuð til að taka fram með skýrari hætti hvernig staðið er að nýliðun. Þá er einnig tekið skýrar fram í II hluta reglugerðarinnar að mat á stuðningsþörf fullorðinna er eingöngu notað til útreiknings á útgjaldaþörf sveitarfélags/þjónustusvæðis, framlag með börnum og annarra án mats er eftir sem áður á kostnaðargrunni.

Að lokum er tekinn út texti varðandi að álag sé reiknað á SIS flokk á grundvelli heilsu- og/eða hegðunarþarfar þar sem ákveðið hefur verið að notast framvegis við nýja flokkun Greiningar- og ráðgjafarstöðvar sem tekur tillit til þessara þátta.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við drög reglugerðarinnar.*

#### **6. Reykjadalur**

##### **Framlög ársins 2021**

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað, dags. 23. ágúst 2021, og skýrsla sem unnin var af HLH ráðgjöf um skoðun og þróun rekstrar Reykjadal árin 2016-2020.

Fram kom að á fyrri fundum hafi verið fjallað um beiðni Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að hækka fjárhæðir samnings við Jöfnunarsjóð umfram vísitöluhækkunar vegna mikillar hækkana launa milli árana 2020-2021.

Fram kemur í skýrslu HLH ráðgjafar að hækkun launa frá því á síðasta ári nemi yfir 20% sem megi að mestu leyti rekja til styttingar vinnuvikunnar. Þá kemur jafnframt fram í skýrslunni að tekjugrunnur rekstursins í Reykjadal sé ótryggur vegna sveifla í öðrum tekjum eins og vegna sölu jólakúlunnar.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að hækka framlag sjóðsins sem byggir á yfirfærslu fatlaðs fólks um allt að 12 m.kr. og að helmingur framlagsins komi til greiðslu strax en eftirstöðvar framlagsins komi til greiðslu þegar í ljós kemur hvernig rekstrinum reiðir af þegar líða tekur á árið.*

## 7. Umsókn um framlag vegna innleiðingar á heimsmarkmiðum

### Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt var fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. ágúst 2021, um styrk til stuðningsverkefnis fyrir sveitarfélög um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, ásamt drögum að verkefnalýsingu, dags. 24. ágúst 2021.

Samband íslenskra sveitarfélaga, í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga um heimsmarkmiðin, sækir um 6 m.kr. styrk til að vinna að innleiðingu heimsmarkmiðanna meðal íslenskra sveitarfélaga á tímabilinu september 2021 til apríl 2022. Sambandið mun hafa verkefnisstjórn með höndum og ráðuneytið og samstarfsvettvangurinn verða bakhjarlar verkefnisins.

*Að lokinni umfjöllun samþykkti ráðgjafarnefnd að veita styrk að fjárhæð allt að 6 m.kr. vegna verkefnisins.*

## 8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2021

### Fyrirkomulag fundar

Fram kom að ársfundur sjóðsins verði haldinn miðvikudaginn 6. október kl. 16.00 en ekki sé ljóst hvort fundurinn verði haldinn rafrænt eða hvort um hefðbundinn fund verði að ræða.

Fyrirkomulag fundarins ráðist nokkuð að því með hvaða fyrirkomulag verði á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

## 9. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verður 23. september kl. 11:30.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:00

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Kristinn Andersen

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson